



VINSTRI GRÆN

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagur 5. júní 2020.

9. fundur stjórnar VG, haldinn í Norræna húsinu.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Ingibjörg Þórðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Ragnar Auðun Árnason, Sóley Björk Stefánsdóttir, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Cecil Haraldsson, Guðný Hildur Magnúsdóttir (er í síma), Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasarson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm (fulltrúi UVG), Þuríður Backman (fulltrúi EVG)

F.h. Starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lía Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson, Bergþóra Benediktsdóttir og Orri Páll Jóhannsson

Fundur settur kl. 15.11.

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar.
2. Staða á málefnaþópum og val á ritstjórn.
 - Katrín segir frá því að kl. 17 á mánudag n.k. verður fundur með hópstórum málefnaþópa
 - Tillaga að ritstjórn: Svandís Svavarsdóttir, Orri Páll, Andrés Skúlason (Þóra Magnea gefur kost á sér sem varamaður). Tillagan var samþykkt.
 - Hreindís Ylfa bendir á að mikilvægt sé að eftirköst Covid ástandssins komi inn í málefnaþópana.
3. Fjármálin að loknum fimm mánuðum.
 - Björg Eva fer yfir fjármálin.

4. Nýtt kerfi um félagatal. Rafræn skilríki í tengslum við skráningar.
 - Bjarki Hjörleifsson kynnir nýtt kerfi sem heldur utan um félagatalið. Skráning í hreyfinguna og úr henni verður nú rafræn með rafrænum skilríkjum.
 - Cecil spyr hvort íslykill virki sem rafræn skilríki. Bjarki staðfestir að svo sé.

5. Flokksráðsfundur á Ísafirði + möguleg sigling vestra.
 - Katrín segir frá: Flokksráðsfundur verður 28. – 29 ágúst á Ísafirði og hefst kl. 17:00. Þingmenn stefna á að fara vestur að morgni og fara í heimsóknir. Opin fundur í hádeginu. Sigling á Hesteyri.
 - Guðmundur Ingi fer yfir dagskrána. Fundurinn verður helgaður málefnaþópunum. Dagskrá er í smíðum. Hugmynd að fara að Dynjanda.
 - Björg Eva. Eitt flug er frá Reykjavík í hádeginu. Rætt var um að fara akandi. Ef ferð á Hesteyri þykir of löng þá er hægt að fara út í Vigur sem er mun styttra.
 - Anna Lís. Hægt er að borða um borð og spara þannig tíma. Ferðin til Hesteyrar kostar 14.800 en í Vigur 11.000.
 - Cecil spyr um gistingu. Anna Lís segir frá því að búið er að taka frá Hótelherbergi.

6. Fundur GIG með félagsformönnum 13. júní.
 - Guðmundur Ingi segir frá því að hann og Katrín hafi hitt alla formenn svæðisfélaga á síðasta flokksráðsfundi og rætt um virkni. Stefnt er á að hann hitti formennina á fjarfundi fljótlega.
 - Sóley segir frá tilraunaverkefni sem er í gangi í NA þar sem svæðisfélagsformenn hafa hist. Mikil ánægja er með þetta og stefnt er að öðrum fundi fyrir sumarfrí.
 - Kolbeinn ræðir um að aðgerðarhópur um eflingu svæðisfélaga hafi verið starfandi og vill hjálpa til.

Kaffihlé

Ragnar Auðun vísar af fundi kl. 16:45

Þingflokkur mætir á fund kl. 16:45

- *Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir*
- *Svandís Svavarsdóttir*
- *Ari Trausti Guðmundsson*
- *Steinunn Þóra Árnadóttir*
- *Leifur Gunnarsson*
- *Kári Gautason*
- *Hulda Hólmkelsdóttir*

7. Önnur mál.

- Sóley: Hvað getum við lært af Covid ástandinu.
- Katrín ræðir um hvernig til tókst með fjarfundi.
- Sóley ræðir um mikilvægi þess að halda fjarfundi og að ef fólk utan af landi á að vera á öðrum hverjum fundi þá eiga allir að gera það.
- Ingibjörg og Bjarkey taka undir með Sóleyju.
- Einar Bergmundur talar um að fjarfundir séu góðir þegar boðað er til fundar með stuttum fyrirvara.
- Elva Hrönn talar um að Covid ástandið hefur sýnt að við erum sveigjanleg og getum breytt venjum okkar.
- Álfheiður ræðir um mikilvægi þess að velja vel hvað hentar fyrir fjarfund.
- Ari Trausti segir að margir fjarfundir séu ekki góðir. Mikilvægt er að allir séu að nota sama kerfið.
- Björg Eva segir að mikil ánægja sé með þá opnu fundi sem hefur verið streymt.
- Sampykkt var að boða til fjarfunda stjórnar þegar það hentar vel.

8. Stjórn málaástandið. Þingflokkur kemur inn upp úr klukkan 16.00.

- Katrín fer yfir stjórn málaástandið.
 - Umræður

Lilja Rafney tekur sæti á fundinum 17:34

Ólafur Þór Gunnarsson tekur sæti á fundinum 17:34

Rósa Björk Brynjólfsson tekur sæti á fundinum 18:00

Fundi slitið kl. 18:47.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 7. ágúst kl. 15.00.